

Bein ákvörðun er sá vísvitandi tilgangur, að taka líf einnar manneskju, sem lýsir sér í útvortis ástandi svo að það sé sannanlegt. Fjandskapur skal álítaskót glæpsins þegar engin veruleg ástæða er sjáanleg fyrir framningu glæpsins, eða þegar allar kringumstæður, sem að glæpnunni láta, bera vott um hatursfult hugarfar.

Birtan í herberginu var óðum að hverfa svo lögmaðurinn hélt bókinni út að næsta glugganum, svo hann gæti því betur séð til að lesa.

“Lögin eru ákveðin, skýr og ljós,” mælti aðkomumaður. “Fjandskapur er sjáanlega stórt atriði í málinu.”

“Já herra,” svaraði lögmaðurinn, “þungamiðja allra glæpa er ásetningurinn — ásetningurinn, herra minn. Það er hin sanna undirstaða allra glæpa.”

“Hegningin fyrir morð mun vera mismunandi í hinum ýmsu ríkjum, er ekki svo?”

“Í þessu ríki,” svaraði lögmaðurinn, “er hegning morðs eins þung og í nokkru öðru ríki. Í hundrað fertugustu og annari grein lesum við:

“Hver sá, sem sekur verður um morð, skal sæta lífláti eða lífstíðar fangelsi eða